

MENNINGAR- OG SAFNANEFND

FUNDUR - 23. febrúar 2005

Fundur haldinn í menningar- og safnanefnd miðvikudaginn 23. febrúar 2005 kl: 20:00 að Hlíðarbraut 1.

Mæting samkvæmt undirskriftum.

Formaður setti fundinn og lagði fram eftirfarandi dagskrá.

Dagskrá:

1. Matur og menning 2005.
2. Helstu viðburðir á Blönduósi 2005.
3. Styrkumsóknir.
4. Hillebrantshúsið.
5. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Búið er að ráða hljómsveitina Í svörtum fötum til að spila á dansleik laugardagskvöldið 16. júlí. Einnig mun hún koma fram á fjölskylduskemmtun á laugardeginum. Gerður hefur verið samningur við Sprellleiktæki ehf. um leigu á leiktækjum yfir helgina.
2. Ákveðið var að gefa út bækling þar sem fram kæmi helstu viðburðir á Blönduósi sumarið 2005, og leggja þar aðallega áherslu á Matur og menning. Gott væri að koma honum út til dreifingar í apríl. Leitað verður til Hauks Suska Garðarssonar atvinnuráðgjafar um aðstoð, til útgáfu bæklingins.
3. Styrktarumsóknir, ákveðið var að sækja um styrk til Menningarsjóðs Héraðsnefndar vegna Matur og menning 2005. Einnig á að sækja um styrk til Þjóðhátíðarsjóðs vegna Hillebrantshúss.
4. Búið er að semja við Gunnar Sigurðsson um að hanna snyrtiaðstöðu í Hillebrantshúsi. Formaður las upp bréf frá Magnúsi Jónssyni Veðurstofustjóra þar sem hann lýsir yfir ánægju með áhuga Blönduóssbæjar á því að koma upp safni fyrir veðurathugunartæki á Blönduósi. Yrði stefnt að því að hafa þau í Hillebrantshúsi.
5. Nefndin er búin að auglýsa í Glugganum og á Húnahorninu hvenær hátíðin Matur og menning verður haldin, er það von okkar að Húnavetningar sameinist í því að vera á svæðinu þessa helgi.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið.

Hlíf Sigurðardóttir
Valdimar Guðmannsson

Sigríður Helga Sigurðardóttir

